

# Borgarbókasafn Reykjavíkur

Stefna um uppbyggingu safnkosts

Guðríður Sigurbjörnsdóttir  
Ingvi Þór Kormáksson  
Óskar Guðjónsson  
Sigrún Jóna Kristjánsdóttir  
Sigurður Jakob Vigfússon  
Sólveig Arngrímsdóttir

Maí 2009  
Endurskoðuð og samþykkt í október 2015

## EFNISYFIRLIT

1. Hlutverk safnsins og viðmið við uppbyggingu safnkosts .....	3
2. Tilgangur stefnu um uppbyggingu safnkosts .....	3
3. Markhópur Borgarbókasafns .....	3
4. Aðgengi .....	3
5. Bakgrunnur .....	4
6. Skipting fjármagns .....	4
7. Val á safnefni .....	4
7.1 Almenn viðmið .....	4
7.2 Verklagsreglur .....	4
7.3 Gjafir .....	5
7.4 Börn og unglingar .....	5
8. Séröfn innan Borgarbókasafns .....	5
9. Takmarkanir .....	5
10. Samvinna .....	6
11. Mat á safnkosti .....	6
12. Varðveisla .....	6
13. Grisjun og geymsla .....	6
13.1 Grisjun .....	6
13.2 Geymsla .....	6
14. Endurskoðun stefnu um uppbyggingu safnkosts .....	7

## **1. Hlutverk safnsins og viðmið við uppbyggingu safnkosts**

Við uppbyggingu safnkosts Borgarbókasafns Reykjavíkur er leitast við að hún sé í samræmi við hlutverk þess, stefnur og önnur viðmið eins og slíkt birtist hverju sinni. Safnið er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við [gildandi lög um bókasöfn](#) svo og önnur lög, reglugerðir og samþykktir er þau varða m.a.:

[Yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna \(UNESCO\) um almenningubókasöfn](#) og [Yfirlýsingu Ifla um fjölmenningsleg bókasafn](#), [Samþykkt um Borgarbókasafn, stefnu þess og menningarstefnu Reykjavíkurborgar og Siðareglur Upplýsingar](#), félags bókasafns- og upplýsingafræða.

## **2. Tilgangur stefnu um uppbyggingu safnkosts**

Borgarbókasafn markar sér stefnu á þessu sviði til þess að gera notendum, starfsfólki og borgaryfirvöldum grein fyrir hver safnkosturinn er og hvers má vænta um framtíðarþróun hans. Stefnunni er ætlað að styðja uppbyggingu og viðhald safnefnis og styrkja stofnunina til að sinna hlutverki sínu og ná settum markmiðum. Hún tryggir festu og aðhald í starfsháttum auk þess að mynda grunn fjárhagsáætlunargerðar og forgangsröðun verkefna. Stefnunni er ætlað að styrkja safnið við að gera nauðsynleg gögn aðgengileg notendum og viðhalda safnkosti í samræmi við eftirspurn og þarfir notenda. Stefnan á að koma í veg fyrir hlutdrægni í uppbyggingu safnkosts og með henni er ljóst hverjir hafa umsjón og eftirlit með vexti og viðhaldi safnkostsins.

## **3. Markhópur Borgarbókasafns**

Safnið þjónar almenningi eins og hann er samsettur og skilgreindur á hverjum tíma. Aðrir viðskiptavinir eru t.d. stofnanir og fyrirtæki, önnur söfn og landsmenn sem leita eftir þjónustu safnsins.

## **4. Aðgengi**

Safndeildir Borgarbókasafns eru auk bókabíls; Borgarbókasafnið Árbæ, Borgarbókasafnið Gerðubergi, Borgarbókasafnið Grófinni, Borgarbókasafnið Kringlunni, Borgarbókasafnið Sólheimum, Borgarbókasafnið Spönginni og Norðlingaholt. Nær allur safnkostur er til útláns. Borgarbókasafn tekur þátt í Landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Aðgangurinn er opinn og endurgjaldslaus í gegnum vefinn [hvar.is](#) og [leitir.is](#). Viðskiptavinir geta pantað gögn úr öllum safndeildum safnsins og fengið send í aðrar safndeildir, sem og í Bókasafn Mosfellsbæjar og Bókasafn Seltjarnarness. Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni og er aðgengilegur öllum á [gegnir.is](#) og [leitir.is](#) Til að fá lánuð gögn þurfa viðskiptavinir að eiga gilt lánþegaskírteini og greiða árgjald, en börn að 18 ára aldri, 70 ára og eldri og öryrkjar eru þó undanþegnir greiðslu. Aðgangur fyrir almenning að tölvum er á öllum söfnum, gegn gjaldi, og er boðið upp á rafrænar upplýsingaveitur, íslenskar og erlendar. „Bókin heim“ er þjónusta fyrir þá sem ekki komast sjálfir á safnið, sökum aldurs og/eða

vanheilsu. Heimasiða Borgarbókasafns, [borgarbokasafn.is](http://borgarbokasafn.is), veitir upplýsingar um starfsemi safnsins þar á meðal afgreiðslutíma safndeilda og viðkomustaði bókabíls.

## 5. Bakgrunnur

Borgarbókasafn hóf starfsemi árið 1923. Bækur og tímarit voru grunnurinn að safnkostinum sem nú er um 500 þúsund eintök. Auk bóka og tímarita er boðið upp á tónlist, hljóðbækur, myndefni, margmiðlunarefni og aðgang að rafrænum gögnum.

## 6. Skipting fjármagns

Skipting fjármagns til efniskaupa fer eftir fjárveitingu frá Reykjavíkurborg og skiptist að jafnaði þannig:

Ritað mál (bækur, dagblöð, tímarit) og hvar.is: 80 - 85%

Mynd- og hljóðefni: 15- 20%

## 7. Val á safnefni

### 7.1 Almenn viðmið

Við val á safngögnum er einkum miðað við eftirfarandi:

- að almenningur á öllum aldri eigi greiðan aðgang að vönduðum og fjölbreyttum safnkosti bæði hvað varðar form og innihald og að safnkosturinn uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina

Einnig er lögð áhersla á að:

- stuðla að símenntun
- örva lestraráhuga
- efla íslenska tungu
- safnkostur á erlendum tungumálum sé á boðstólum
- kynna Íslendingum menningu annarra þjóða
- kynna fólki af erlendum uppruna íslenska menningu
- efla gagnkvæman skilning milli mismunandi þjóðfélagshópa
- jafnrétti kynja og menningarhópa sé virt
- stærstur hluti safnkostsins sé til útláns
- aðstaða sé í safninu til að nýta annað efni t.d. á netinu
- fylgjast náið með framþróun raf- og stafrænnar útgáfu og leitast við að bjóða viðskiptavinum Borgarbókasafns uppá miðlun slíks efnis.

Borgarbókasafn tekur virkan þátt í verkefni um landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum á [hvar.is](http://hvar.is) en jafnframt verður unnið að frekari stefnumótun í uppbyggingu safnkosts Borgarbókasafns á þessu sviði

### 7.2 Verklagsreglur

Samkvæmt samþykkt um Borgarbókasafn ber borgarbókavörður ábyrgð á uppbyggingu safnkosts, en hefur skipað sérstök starfsmannateymi um val á prentuðu og rafrænu efni,

myndefni og tónlist. Verkefnastjórar viðkomandi safnefnis annast nánari útfærslu uppbyggingarinnar og huga að mótun hennar í samráði við borgarbókavörð, safnstjóra, teymi safnsins og aðra verkefnastjóra eftir því sem við á. Við val safnkosts er stuðst við innlend og erlend tímarit, sérrit, lista frá útgefendum, íslensk bóka- og plötutíðindi, umsagnir og lista í fjölmiðlum, netið, innkaupatilögur og ábendingar frá viðskiptavinum, ráðgjöfum og starfsmönnum og annað er nýtt í þessu skyni.

### **7.3 Gjafir**

Eftir atvikum tekur Borgarbókasafn við gjöfum en áskilur sér allan rétt til að nýta eingöngu efni er samræmist stefnu þessari um uppbyggingu safnkosts. Gjöfum sem ekki eru teknar inn í safnið er skilað, þær gefnar öðrum, seldar eða þeim fargað. Sérstakar reglur gilda um gjafir á tónlistarefni og myndefni.

### **7.4 Börn og unglingar**

Við uppbyggingu safnkosts fyrir börn og unglunga er mikilvægt að gæði séu eins og best verður á kosið. Með vönduðu safnefni er börnum gefið færi á að njóta lesturs og upplifa það sem ímyndunaraflíð og uppgötvun nýrrar þekkingar veitir.

Safnkostur barna- og unglingadeilda þarf að:

- miðast við aldur lánþega
- vera í fullu gildi, bæði nýtt og eldra efni
- gefa fjölbreytta mynd af menningarheimum og mismunandi gildum
- endurspeglar samfélagið og menningu þess
- kynna umheiminn
- styðja við sjálfsnám
- stuðla að símenntun
- innihalda erlendar gæðabókmenntir barna og unglunga
- vera til á ýmsum tungumálum

## **8. Sérsöfn innan Borgarbókasafns**

Borgarbókasafn er að hluta til byggt á sérsöfnum: Þéttiskápar í Grófinni þar sem varðveitt eru eintök af sérvöldu efni, nær eingöngu íslensku. Brynjólfssafn er óskráð safn klassískrar tónlistar á vinylplötum. Safnkostur bókasafna Listasafns og Ljósmyndasafns Reykjavíkur er aðgengilegur notendum Borgarbókasafns samkvæmt nánari reglum þar um.

## **9. Takmarkanir**

Miða skal við að safnkosturinn sé um 500 þúsund eintök. Almenningsbókasafn eins og Borgarbókasafn sinnir almenningsþörfum, önnur bókasöfn sjá um annað svo sem kennslubækur og sérhæft efni.

## 10. Samvinna

Millideildalán fara fram milli deilda Borgarbókasafns, en millisafnalán fara fram samkvæmt sérstökum verklagsreglum, þó ekki innan höfuðborgarsvæðisins að öðru leyti en því, að samningur er milli Borgarbókasafns, Bókasafns Mosfellsbæjar og Bókasafns Seltjarnarness um gagnkvæm lán milli safnanna.

## 11. Mat á safnkosti

Safnkost Borgarbókasafns þarf að meta reglulega til að tryggja að hann endurspegli á hverjum tíma margvíslegar og síbreytilegar þarfir viðskiptavina safnsins.

Með mati er átt við skipulagt ferli þar sem safnkosturinn er greindur á kerfisbundinn hátt og honum lýst.

Safnkostur skal metinn út frá eftirfarandi forsendum:

**Notkun:** Útlán (eintakavelta) eru metin árlega og miðað við að öllu jöfnu sé hlutfall safnkosts á íbúa /útlán 1:2. Setja má sérstakar matsreglur um einstaka þætti safnkosts sem lúta sérstökum útlánareglum (t.d. tónlistarefni, myndefni o.fl.).

**Ánægju:** Í árlegum viðhorfskönnunum Borgarbókasafns eru viðskiptavinir spurðir hvernig safnkosturinn kemur til móts við þarfir þeirra.

Sérfræðingar eru kallaðir til aðstoðar við mat á safnkosti á einstökum efnissviðum eftir þörfum.

## 12. Varðveisla

Borgarbókasafn er almenningsbókasafn og hefur ekki lagalega varðveisluskyldu. Engu að síður eru í Grófinni varðveitt um tuttugu þúsund eintök af bókum og tímaritum sem eingöngu eru til notkunar innan safnsins. Það er gert í því skyni að uppfylla óskir og þarfir viðskiptavina með því tryggja greiðan aðgang almennings að safnkosti sem hann ætti að öðrum kosti ekki auðvelt með að nálgast. Um er að ræða eldri rit sem eru til í fáum eintökum og flest frumsamin rit íslensk.

## 13. Grisjun og geymsla

### 13.1 Grisjun

Sífelld endurskoðun safnkosts er nauðsynleg, bæði vegna þess að pláss í safndeildum er takmarkað og ekki síður vegna þess að æskilegt er að safnkosturinn sé lifandi, á stöðugri hreyfingu. Þess vegna er grisjun mjög mikilvæg. Með grisjun er átt við skipulegar afskriftir gagna, til förgunar, sölu, gjafa eða varðveislu annars staðar. Verkferlar vegna grisjunar safnkosts Borgarbókasafns hafa verið mótaðir.

### 13.2 Geymsla

Það er stefna Borgarbókasafns að safna ekki efni í geymslur. Ein sameiginleg geymsla er þó við lýði og er efni sent þangað með miklum takmörkunum. Geymslan er hugsuð til notkunar,

ekki varðveislu. Þar eru rit sem lítið eða ekkert er til af í safndeildum og sem hafa bókmennta- og/eða heimildagildi og talið æskilegt að eiga. Gögn eru ekki send í geymsluna meðan nóg er til af þeim í söfnunum. Bækur sem hafa stuttan líftíma, til dæmis tölvubækur, skólabækur, matreiðslubækur, bækur um félagsmál og aðrar sem úreldast fljótt fara ekki í geymslu. Settar hafa verið sérstakar verklagsreglur um eintakafjölda í geymslu.

#### **14. Endurskoðun stefnu um uppbyggingu safnkosts**

Borgarbókavörður felur vinnuhópi að endurskoða stefnuna á tveggja ára fresti og/eða hvenær sem breyttar aðstæður gera slíka endurskoðun aðkallandi. Allar breytingar á stefnu um uppbyggingu safnkosts Borgarbókasafns eru háðar samþykki safnráðs stofnunarinnar, sem ákvarðar hvernig stefnunni og breytingum á henni skuli komið á framfæri við viðskiptavinum, starfsmenn, stjórnendur og borgaryfirvöld.